



HEIÐARSKÓLI

Fréttabréf mars 2004

Rithöfundar í heimsókn

Fimmtudaginn 11. mars komu rithöfundarnir Iðunn Steinsdóttir, Þorgrímur Þráinsson og Guðmundur Ólafsson í heimsókn í Heiðarskóla. Þeir lásu úr verkum sínum fyrir nemendur skólans og var vel tekið.



Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar!

Undanfarin ár hefur verið haldin keppni í upplestri meðal nemenda í 7. bekk um allt land. Keppnin hefst formlega á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Í bekkjarkeppni eru síðan valdir 8 nemendur til að keppa á sal skólans um hvaða tveir verða fulltrúar skólans á lokahátíðinni. Markmið upplestrarkeppninnar er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði og að allir nemendur lesi upp sjálfum sér og öðrum til ánægju. Allur upplestur í tengslum við keppnina er fremur í ætt við hátíð en keppni. Miðvikudaginn 10. mars var lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar haldin í Ytri-Njarðvíkurkirkju. Bjarni Reyur Guðmundsson og Bjarni Ragnar Guðmundsson 7. EE voru fulltrúar Heiðarskóla. Þeir stóðu sig báðir mjög vel og Bjarni Reyur lenti í öðru sæti. Við óskum þeim báðum til hamingju með frábæran árangur.



Stærðfræðikeppni grunnskólanema

Mánudaginn 15. mars fór fram verðlaunaafhending í Stærðfræðikeppni grunnskólanema á sal Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Nokkuð margir nemendur úr Heiðarskóla tóku þátt í keppninni og náðu nokkrir góðum árangri og voru meðal tíu efstu í sínum árgangi. Þeir Davíð Hildiberg Aðalsteinsson og Sigtryggur Kjartansson í 8. bekk stóðu sig sérstaklega vel og lenti Sigtryggur í 1. sæti og Davíð í 2. sæti í sínum árgangi. Við óskum öllum til hamingju með góðan árangur.



Páskafri
hefst mánudaginn 5. apríl. Kennsla hefst aftur miðvikudaginn 14. apríl samkvæmt stundaskrá.

Listræn fermingarbörn

Í vetur hafa María smíðakennari, Halla og Sveindís textílkennarar unnið með nemendum í 8. bekk að skemmtilegu verkefni. Nemendur hafa smíðað gestabók hjá Maríu og flestir skreytt hana með þæfðri ull o.fl. í textílmennit hjá Höllu og Sveindísi. Árangurinn hefur komið skemmtilega á óvart og næsta víst að haldið verður áfram á sömu braut.



Árshátíð Heiðarskóla 2004

Árshátíð Heiðarskóla var haldin 26. mars. Tókst hún í alla staði vel eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Nemendur sýndu skemmtileg atriði og yngri bekkir fóru annaðhvort í íþróttasal í leiki og dans eða voru á diskóteki á sal skólans. Í 8. - 10. bekk var boðið upp á kökuhlaðborð og þökkum við foreldrum kærlega fyrir aðstoðina og meðlætið. **Fleiri myndir frá árshátíðinni eru á heimasíðu skólans: www.heidarskoli.is**



Bráðger börn - verkefni við hæfi

Reykjanesbær, Landssamtökin Heimili og skóli, Háskóli Íslands og fræðsluskrifstofur hafa haft samstarf um verkefnið Bráðger börn - verkefni við hæfi.

Verkefnið er ætlað nemendum fæddum 1989 - 1992 er þykja skara fram úr í námi. Frá því í janúar hafa 19 nemendur frá Heiðarskóla sótt námskeið hjá Háskóla Íslands ásamt öðrum grunnskólanemum. Þeir völdu sér fjölbreytt viðfangsefni s.s. lögfræði, frönsku, hjúkrun og útvarpssmíði. Nemendur segjast vera mjög ánægðir með þetta verkefni sem er bæði krefjandi og skemmtilegt.



Hópurinn sem tók þátt í verkefninu á vorönn

Hugtakakort

Seinni hluti verkefnisins Læsi til framtíðar hófst á fræðslufundi fyrir kennara í byrjun janúar. Þar var kennurum kynnt gerð hugtakakorta og ýmsar útfærslur á þeim fyrir mismunandi aldurshópa.

Allir nemendur í 1. - 9. bekk taka þátt og stendur verkefnið yfir í 10 vikur en því lýkur í maí með því að lagt verður fyrir þriðja og síðasta lesskilningsprófið.

Markmiðið með þessu verkefni er að auka lesskilning nemenda.


Hugtakakort er tækni við að skrá og sýna fram á þekkingu og skilning á myndrænan hátt. Hugtök eru kynnt í reitum sem ýmist geta haft form hrings eða ferhyrnings, tengilínur milli reitanna sýna fram á tengsl hugtakanna.

Hugtakakort er ein þeirra aðferða sem hafa þótt henta vel til að kenna nemendum aðferðir til að skipuleggja og vinna með hugsanir sínar.

Vinnan fer þannig fram að nemendur lesa texta úr t.d náttúrufræði og skrá niður hjá sér orð sem þau muna og raða þeim síðan út frá grunnhugtaki þannig að þau eru í rökréttu samhengi.



Stúlur í 7. bekk EE vinna við gerð hugtakakorta



Eineltisáætlun Olweusar - Kynning fyrir foreldra

Kvöldfundur með foreldrum verður haldinn fimmtudaginn 1. apríl kl. 19:30-21:30 og hefst hann á sal Heiðarskóla. Efni fundarins er að kynna niðurstöður úr könnun á umfangi eineltis í skólanum og upplýsa foreldra um þær forvarnir og vinnu sem umsjónarkennarar eru að vinna að með nemendum sínum. Eftir kynningu á sal fara foreldrar í stofur ásamt umsjónarkennara. Vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta og kynna sér þetta mikilvæga málefni. Einn aðaltilgangur foreldrafunda í Olweusverkefninu okkar er að virkja hið mikla bolmagn sem forráðamenn búa yfir til virkrar þátttöku í baráttunni gegn einelti. Hlökkum til að sjá ykkur



Mosaik - Mosaik

Í Heiðarskóla hafa nemendur í 9. og 10. bekk möguleika á að velja sér ýmsar valgreinar. Einn möguleikinn er glerlist sem nýtur mikilla vinsælda. Í vetur hafa nemendur í 9. bekk unnið nokkur hópverkefni eftir mosaik aðferðinni. Þessi verkefni, sem eru m.a. gluggaverkefni og stórar veggmyndir, hafa verið sett upp okkur öllum til mikillar gleði.

Svipmyndir frá öskudegi

Bæði nemendur og starfsfólk skemmtu sér konunglega á öskudaginn og komu grímuklædd í skólann eins og vera ber.



Ferð í Rafheima og Ráðhúsið í Reykjavík

Í febrúar fóru allir nemendur í 5. bekk í skemmtilega ferð í Rafheima og heimsóttu einnig Ráðhús Reykjavíkur. Hér á eftir er ritgerð eftir Halldór Prastarson í 5. BG um ferðina.

Í gær fór ég í ferðalag með skólanum. Við fórum í Rafheima og Ráðhúsið í Reykjavík. Í Rafheimum var gaman og við gerðum margskonar tilraunir með rafmagn og segla. Leiðsögumaðurinn, Stefán, var mjög skemmtilegur og sýndi okkur margt. Hann gerði allskonar tilraunir með okkur t.d. notaði hann einhverja kúlu sem gaf frá sér rafmagn og hárið reis á hausnum á okkur. Í Rafheimum voru básar þar sem við máttum gera tilraunir og var það skemmtilegt. Þegar við vorum búin að vera í Rafheimum fórum við í Ráðhúsið og þar borðuðum við nesti og fengum við að skoða salinn þar sem borgarstjórnin heldur fundi. Við gáfum líka öndunum á tjörninni brauð. Þetta var skemmtileg ferð.



Að læra að njóta!

Föstudaginn 27. febrúar fór 8.SV og 8.VG í myndlis-tarferð til Reykjavíkur með nokkrum kennurum. Tvö söfn sem tilheyra Listasafni Reykjavíkur voru skoðuð. Farið var á Ásmundarsafn sem helgað er verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara og í Hafnarhúsið þar sem stóð yfir sýning Ólafs Elíassonar. Tekið var vel á móti krökkunum af safnakennurum sem fræddu þá um sýningarnar og listamennina. Að læra að njóta og að vera listunnandi eru lífsgæði sem hver einstaklingur á rétt á. Krakkarnir í 8. SV og 8.VG stóðu sig vel og voru skólanum til fyrirmyndar. Vonandi fara þeir aftur í heimsókn og þá með foreldrum sínum en kaffistofurnar á listasöfnunum eru prýðis kaffihús!

Nýjar tölvur í tölvuveri

Í febrúar voru tölvur í tölvuveri Heiðarskóla endurnýjaðar. Það er mikill munur fyrir nemendur og kennara að fá hraðvirkar og nýjar tölvur til að geta nýtt þær til náms og kennslu. Nokkrir árgangar eru með fasta tíma í tölvuveri en annars geta ken-narar skráð sig í tölvuverið með bekkni sína annaðhvort með tölvukennara eða án. Þannig er hægt að nýta tölvutímana til að vinna með það efni sem verið er að læra í öðrum náms-greinum.



Stúlkur úr 5. bekk HT vinna á nýju tölvurnar.

Leikskólanemendur í heimsókn

Undanfarnar vikur hafa elstu börn leikskólanna í Reykjanesbæ komið í heimsókn í Heiðarskóla og kynnt sér skólann fyrir komandi skólagöngu. Þau hafa setið í kennslustundum hjá kennurum 1. bekkja og farið í skoðunarferð um skólann með viðkomu í íþróttahúsinu og sundlauginni. Gert er ráð fyrir að þau komi síðan aftur í heimsókn í vor og taki þá þátt í íþróttatíma með 1. bekk. Þessar heimsóknir eru liður í verkefninu Brúum bilið sem miðast að auknu samstarfi leik- og grunnskóla.

Mjög skemmtilegt hefur verið að fá þessar heimsóknir, börnin prúð og stillt eins og þau hafi aldrei gert annað en að vera í skóla. Þetta sýnir okkur líka það góða starf sem leikskólarnir eru að vinna við undirbúning barnanna við að fara í grunnskóla.



SPILA- OG SKÁKKLÚBBUR

Í vetur hefur verið boðið upp á spila- og skákkлубb fyrir 3. - 8. bekk á miðvikudögum frá kl. 16:00 - 18:00. Fjöldi mismunandi spila er í boði og þá eru einnig töfl þar sem nemendum er kenndur manngangurinn. Nemendur hafa sýnt þessu mikinn áhuga og hafa verið duglegir að koma. Umsjónarmenn klúbbsins eru Bryndís Guðmundsdóttir og Þóra Guðrún Einarsdóttir.

